

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 2. mars 2017 í máli nr. S-348/2016:

Ákærvaldið

(*Sigurður Pétur Ólafsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Guðmundur Ágústsson hrl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar síðastliðinn, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 6. september 2016, á hendur X, kt. [...], [...], [...], fyrir „umferðarlagabrot í Hafnarfirði með því að hafa laugardaginn 2. apríl 2016 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur um [sic.] að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist metamfetamín 40 ng/ml, amfetamín 55 ng/ml, kókaín 110 ng/ml og tetrahydrókannabínól 2,8 ng/ml) norður Reykjavíkurveg, austur Flatahraun og að bifreiðastæði við Hvalhúsið þar sem hann stöðvaði bifreiðina, steig út úr henni, og lögregla hafði afskipti af honum. [...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 og 3. gr. laga nr. 24/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærði neitar sök. Krefst hann aðallega sýknu og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst skipaður verjandi hæfilegrar þóknunar sér til handa.

I

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum voru A lögregluvarðstjóri og B lögreglumaður í almennu eftirliti í Hafnarfirði klukkan 16.38 þann 2. apríl 2016 á lögreglubifreið og óku Reykjavíkurveg til suðurs. Á vegarkafli, frá gatnamótum við Flatahraun að Arnarhrauni, veittu þeir ákærða athygli þar sem hann var ökumaður bifreiðarinnar [...] sem ekið var á móti akstursstefnu lögreglubifreiðarinnar, það er Reykjavíkurveg til norðurs að gatnamótum Reykjavíkurvegar og Flatahrauns. Auk ákærða mátti sjá konu í farþegasæti við hlið ákærða og barn í aftursæti við vinstri hlið bifreiðarinnar. Í skýrslu lögreglu segir að vegna fyrri afskipta hafi lögreglu verið kunnugt um að ákærði væri sviptur ökuréttindum ævilangt og því hafi verið farið á eftir bifreiðinni [...] sem var ekið að

Flatahrauni þar sem henni var beygt inn á Flatahraun til austurs og síðan strax til hægri baka til við Hvalshúsið, sem er verksmiðjuhús á horni Reykjavíkurveggar og Flatahrauns. Þá segir að ákærði hafi stöðvað bifreiðina og farið strax út og fram fyrir bifreiðina og að hægri hlið hennar. Einnig hafi mátt sjá hvar farþegi í framsæti hafi fært sig í ökumannssætið, án þess að fara út úr bifreiðinni. Sagði ákærði lögreglu að hann hefði ekki ekið bifreiðinni, en verið farþegi og kona hans, C, hefði ekið bifreiðinni.

Ákærði var handtekinn, grunaður um að hafa ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og að hafa verið undir áhrifum fíkniefna við aksturinn. Eftir viðræður við lögmenn sinn gaf ákærði blóð- og þvagsýni og var eftir það leyft að fara frjáls ferða sinna. Gat ákærði þess að hann hefði notað kannabis og amfetamín fyrir einhverju síðan. Loks segir í skýrslunni að þvagpróf hafi gefið til kynna að ákærði væri undir áhrifum fíkniefna og að ekki leiki neinn vafi á því að ákærði hafi ekið bifreiðinni.

Í skýrslu B lögreglumanns 3. apríl 2016 segir að hann og A hefðu verið við eftirlit á lögreglubifreið og ekið eftir Reykjavíkurvegi þegar þeir hefðu mætt bifreiðinni [...] og séð karlmann aka bifreiðinni og konu í farþegasæti við hlið hans. Hefði lögregla elt bifreiðina sem beygt hefði inn á Flatahraun og til hægri að Hvalshúsinu þar sem karlmaðurinn hefði stokkið út úr bifreiðinni og gengið fram fyrir bifreiðina, en kvenmaðurinn hefði fært sig og sest undir stýri bifreiðarinnar án þess að fara út úr henni. Í skýrslunni segir að lögregla hefði aldrei misst sjónar á bifreiðinni eftir að þeir hafi beygt inn að Flatahrauni og öruggt væri að ákærði hefði verið ökumaður bifreiðarinnar.

II

Í skýrslu *ákærða* fyrir dómi kom fram að hann og kona hans hefðu mætt lögreglubifreið og tekið eftir því að lögreglan hefði horft á eftir þeim. Hefði bifreiðin snúið við og elt þau. [...]. Lögregla hefði ásakað hann um að hafa verið að keyra og handtekið hann. Kvað ákærði það vera rangt að hann hefði keyrt bílinn í umrætt sinn og væru lögreglumennirnir að segja ósatt um það. Þá sé það einnig rangt að C hafi skipt um sæti við ákærða. [...]. Kvaðst ákærði hafa staðið fyrir framan bifreiðina og farið að henni bílstjóramegin og þá tekið eftir því að lögreglan var ekki að koma og því hefði hann labbað til baka. Þá hefði hann séð lögregluna og labbað í áttina til þeirra. Spurður kvaðst ákærði hafa orðið þess var frá upphafi að lögreglan væri að elta þá bifreið sem hann var í, en lögreglubifreiðin hefði þó ekki verið með öryggisljósin á.

Vitnið A lögregluvarðstjóri gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann hefði ekið Reykjavíkurveginn í átt að miðbæ Hafnarfjarðar þegar lögregla hefði mætt bíl. Vitnið kvaðst hafa þekkt ökumanninn sem ákærða og hefðu þeir snúið við á hringtorginu við Arnarhraun. Lögreglan hefði mætt ákærða á móts við hús númer

42 eða 44 við Reykjavíkurveg og því stutt að fara á eftir ákærða sem hefði beygt inn á Flatahraun þegar hann hefði komið að gatnamótunum. Lögregla hefði séð bíl ákærða nánast allan tímann og þegar komið var fyrir hornið á Hvalshúsinu hefði ákærði verið að hoppa út úr bílnum, farið fram fyrir bílinn og að farþegahurðinni. Um leið hefði farþegi í framsæti greinilega fært sig í bílstjórásætið. Spurt kvaðst vitnið hafa þekkt ákærða sem ökumann bifreiðarinnar og hefði það verið ástæðan fyrir því að lögreglan hefði snúið við og elt bifreiðina. Það hefði verið stutt á milli bílanna þegar þeir hefðu mæst, mjó akreinaskipting, og mjög auðvelt að sjá inn í bílinn og hver var ökumaður hans. Spurt sagði vitnið að lögreglan hefði misst sjónar á bíl ákærða í eitt augnablik þegar bílnum var beygt af Reykjavíkurvegi inn á Flatahraun. Þegar vitnið kom inn á Flatahraun kvaðst það hafa séð skottið á bifreiðinni hverfa fyrir hornið á húsinu. Þegar að var komið var bifreiðin stopp, hurðin opin og ákærði að fara út úr bifreiðinni. Ákærði hefði ekki gengið að lögreglubílnum heldur fram fyrir þann bíl sem hann var í og að farþegahurðinni. Á sama tíma hefði farþegi í bifreiðinni verið að flytja sig yfir í bílstjórásætið. Ákærði hefði að fyrrabragði sagt að hann hefði ekki verið að aka bifreiðinni. Spurt sagði vitnið að Eyewitness-búnaður væri í bifreiðinni en hann hefði ekki verið í gangi. Slíkur búnaður kveiki sjálfkrafa á sér þegar forgangsljós væru sett á, en það hafi ekki verið talin ástæða til að nota ljósinn í þessu tilviki, enda til þess fallið að trufla aðra umferð.

Vitnið B lögreglumaður bar fyrir dómi að hann hefði verið að aka Reykjavíkurveginum í suður og mætt bílnum sem ákærði hefði ekið. Ekki hefðu verið nema tveir metrar á milli bílanna þegar þeir mættust. Hann hefði því séð að karlmaður var að keyra bifreiðina og að kvenmaður sat í farþegasætinu. A hefði sagt að ákærði væri sviptur ökurétti og því hefði verið farið á eftir honum. Ákærði hefði beygt inn á Flatahraun og að Hvalshúsinu þar sem hann hefði stokkið út úr bifreiðinni og kvenmaðurinn, sem hefði verið í farþegasætinu, fært sig yfir. Spurt kvaðst vitnið vera alveg viss um að karlmaður hefði ekið bifreiðinni þegar hún mætti lögreglubílnum. Þá kvaðst vitnið ekki hafa misst sjónar á bifreiðinni þegar hún var ekki í akstri. Vitnið kvaðst hafa séð bifreiðina stöðvast og ákærða stíga út úr bifreiðinni og hlaupa fram fyrir hana. Farþeginn hefði fært sig í framsætið. Það kvaðst vitnið hafa séð greinilega, enda hefði það verið beint aftan við bifreið þá sem ákærði var í. Ákærði hefði sagt þeim að hann hefði ekki verið að aka bifreiðinni.

Vitnið C, eiginkona ákærða, skýrði frá því fyrir dómi að hún og ákærði hefðu verið að keyra í Hafnarfirði, mætt lögreglubíl og tekið eftir því að lögreglumennirnir horfðu mikið inn í bílinn. Þau hefðu séð lögreglubílinn snúa við og bruna á eftir þeim. Vitnið kvaðst hafa keyrt á bak við hús til þess að ákærði gæti

farið út úr bílnum og rætt við lögregluna fyrir utan bílinn [...]. Hefði lögreglan sakað ákærða um að hafa verið að keyra bílinn og spurt vitnið af hverju það sæti í bílstjórasætinu. Kvaðst vitnið hafa svarað því til að það hefði verið að keyra bílinn. Eftir það hefði verið farið með ákærða til yfirheyrslu. Spurt kvaðst vitnið eiga þann bíl sem þau voru á. Þá sagði vitnið það ekki rétt að það hefði fært sig í ökumannssætið. Um væri að ræða gamla Toyota Corolla. Vitnið kvaðst hafa verið ólétt á þessum tíma og því óþægilegt fyrir vitnið að færa sig á milli sæta. Barnið hefði fæðst [...].

III

Ákærða er gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna norður Reykjavíkurveg, austur Flatahraun og að bifreiðastæði við Hvalshúsið þar sem hann stöðvaði bifreiðina, steig út úr henni og lögreglan hafði afskipti af honum.

Fyrir liggur samkvæmt niðurstöðum rannsókna á blóð- og þvagsýnum, sem tekin voru úr ákærða, að amfetamín, kókain, metamfetamín og tetrahydrokannabinólsýra mældust bæði í blóði og þvagi ákærða.

Ákærði neitar sök og kveðst ekki hafa verið að aka bifreiðinni. Fyrir dómi greindi ákærði frá því að konan hans, vitnið C, hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Kvaðst ákærði hafa orðið þess var að lögregla veitti bifreiðinni eftirför og verið þess fullviss að hún vildi ná tali af honum. [...] Vitnið C hefði því ekið bifreiðinni af Reykjavíkurvegi inn á Flatahraun og þaðan inn á bifreiðastæði við Hvalshúsið í því skyni að ákærði gæti rætt við lögregluna fyrir utan bifreiðina án óþæginda fyrir dótturina. Neitaði ákærði því að hafa verið að aka bifreiðinni og kannaðist ekki við það að hafa ekið bifreiðinni inn á fyrrnefnt bifreiðastæði til að skipa um sæti við C. Vitnið C sagði fyrir dómi að hún hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn og að það væri rangt að bifreiðinni hefði verið ekið inn á bifreiðastæði til að vitnið gæti skipt um sæti við ákærða. Vitnið benti á að hún hefði verið ólétt á þessum tíma og því hefði það verið ógerlegt fyrir hana að skipta um sæti við ákærða án þess að fara út úr bílnum, eins og haldið væri fram.

Lögreglumennirnir A og B fullyrtu báðir fyrir dómi að þeir hefðu séð ákærða aka bifreiðinni [...] þegar þeir mættu henni á Reykjavíkurvegi, á vegarkafli þar sem er mjó akreinaskipting og því stutt á milli bílanna. Auðvelt hafi verið að sjá inn í bílinn og ökumann hans. Þeir kváðust ekki hafa misst sjónar á bifreiðinni [...] nema ef til vill eitt augnablik á meðan hún var í akstri. Hefðu þeir fylgst með bifreiðinni aka Reykjavíkurveg til norður og inn á Flatahraun og þaðan á bifreiðastæði við Hvalshúsið. Kváðust vitnin hafa séð ákærða stíga út úr bifreiðinni og ganga fram fyrir hana og að farþega hurðinni. Á sama tíma hefði farþegi í

bifreiðinni, vitnið C, eiginkona ákærða, fært sig í öikumannssætið án þess að fara út úr bifreiðinni.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið liggur fyrir að framburður ákærða og eiginkonu hans, vitnisins C, eru í algerri andstöðu við framburði fyrrnefndra lögreglumanna. Þanníð fullyrtu þau bæði að C hefði ekið bifreiðinni þegar þau mættu lögreglubifreiðinni á Reykjavíkurvegi og hefði hún ekið bifreiðinni [...] inn á Flatahraun og þaðan á bifreiðastæði við Hvalshúsið. Liggja þannig fyrir í málinu ósamrýmanlegir framburðir, annars vegar tveggja lögreglumanna, og hins vegar ákærða og eiginkonu hans. Tengsl ákærða við vitnið C draga verulega úr gildi framburðar hennar, en ákærði er svo nátengdur henni að löggjafinn hefur talið rétt að heimila vitni í þeirri stöðu að skorast undan því að gefa skýrslu í opinberu máli, sbr. a. lið 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Að öllu þessu virtu þykir mega gefa framburði lögreglumannanna A og B það mikið vægi að með framburði þeirra og niðurstöðu matsgerðar Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði 3. maí 2016, verði talið sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. ákvæði 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna. Er brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði á hann að baki sakaferil sem nær aftur til ársins 2006. Er þar í flestum tilvikum um að ræða umferðarlagabrot. Verður sakaferill ákærða rakin hér að því marki sem máli skiptir fyrir ákvörðun refsingar hans. Með dómi 26. október 2007 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og sviptur ökurétti ævilangt. Þann 8. febrúar 2008 hlaut ákærði dóm fyrir akstur sviptur ökurétti, auk ölvunaraksturs og fíkniefnalagabrots og var dæmdur í 30 daga fangelsi og var ævilöng svipting ökuréttar áréttuð. Með dómi 24. nóvember 2010 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti og akstur undir áhrifum fíkniefna, auk annarra brota á umferðarlögum. Áréttuð var ævilöng svipting ökuréttar. Með dómi 25. maí 2011 var ákærði sakfelldur fyrir að aka skiptur ökurétti, en honum ekki gerð sérstök refsing. Um var að ræða hegningarauka við dóminn frá 24. nóvember 2010. Með dómi 10. janúar 2012 var ákærði dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir fíkniefnaakstur, akstur sviptur ökurétti og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Áréttuð var ævilöng svipting ökuréttar. Með dómi 22. nóvember 2013 var ákærði síðan dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir ölvunarakstur, akstur undir áhrifum fíkniefna og akstur sviptur

ökurétti og var ævilöng svipting ökuréttar enn á ný áréttuð. Með þeim brotum sem ákærði var þá sakfelldur fyrir rauf hann skilyrði reynslulausnar sem honum var veitt 9. mars 2012 á eftirstöðvum refsingar, 105 dögum og var reynslulausnin dæmd upp og refsing ákveðin í einu lagi. Þá var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi með dómi 8. apríl 2014 fyrir ölvunarakstur, fíkniefnaakstur og akstur sviptur ökurétti. Um var að ræða hegningarauka við dóminn 22. nóvember 2013. Ákærða var með dómi 9. október 2014 gert að sæta fangelsi í 12 mánuði fyrir að hafa í tvígang ekið bifreið undir áhrifum fíkniefna og sviptur ökurétti. Loks var ákærða með dómi 17. mars 2015 gert að sæta fangelsi í sex mánuði fyrir að hafa ekið bifreið sviptur ökurétti, fyrir fíkniefnaakstur, brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og lögum um innflutning dýra.

Ákærða var veitt reynslulausn 12. mars 2016 á 270 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt fjórum fyrrnefndum dómum, uppkveðnum 22. nóvember 2013, 8. apríl 2014, 9. október 2014 og 17. mars 2015. Með því broti sem ákærði er nú sakfelldur fyrir hefur hann rofið skilyrði reynslulausnar sem honum var sem fyrr segir veitt og verður hún dæmd upp og refsing ákærða ákveðin í einu lagi. Ekki verður horft fram hjá hinum langa og nær óslitna brotaferli ákærða, að því er varðar sams konar brot gegn ákvæðum umferðarlaga og hér er til meðferðar. Verður refsing hans ákvörðuð með hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu og því sem fram er komið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er áréttað að ákærði skuli vera sviptur ökurétti ævilangt.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins samkvæmt yfirliti sækjanda um hann og ákvörðun dómsins um þóknun skipaðs verjanda, sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóm þennan kveður upp Jón Höskuldsson héraðsdómari, sem tók við meðferð málsins 18. nóvember 2016.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hæstaréttarlögmanns, 421.600 krónur og 191.739 krónur í annan sakarkostnað.

Jón Höskuldsson